


## Hallgrímur Pétursson

Hallgrímur Pétursson (1614-1674) er eitt af höfuðskáldum Íslendinga. Í hugum flestra er hann fyrst og fremst trúarskáld en veraldlegur kveðskapur hans er þó einnig athyglisverður. Merkasta verk hans er án efa Passíusálmarnir sem þjóðin hefur lesið og sungið á hverri föstu um aldir. Enn þann dag í dag eru sálmarnir lesnir í útvarpinu alla virka daga föstunnar. Passíusálmarnir hafa verið gefnir oftár út á íslensku en nokkurt annað rit og verið þýddir á fjölmörg erlend tungumál.



### Æviágrip

Hallgrímur Pétursson er talinn hafa fæðst að Gröf á Höfðaströnd árið 1614. Foreldrar hans voru Pétur Guðmundsson og Solveig Jónsdóttir. Hallgrímur mun að mestu hafa verið alinn upp á Hólum í Hjaltadal en þar var faðir hans hringjari. Hallgrímur þótti nokkuð baldinn í æsku og af ókunnum ástæðum fer hann frá Hólum. Hann flytur til Kaupmannahafnar árið 1632 en þá um haustið kemst hann í Vorrar frúar skóla. Haustið 1636, þegar Hallgrímur er 22 ára, er hann kominn í efsta bekk skólans. Þá er hann fenginn til þess kenna Íslendingum sem höfðu verið teknir til fanga í Tyrkjaráninu í Vestmannaeyjum árið 1627. Hann átti að kenna þeim kristin fræði. Meðal þeirra sem hann kenndi var Guðríður Símonardóttir, kona sem kom frá Vestmannaeyjum og var stundum kölluð Tyrkja-Gudda eftir að hafa verið tekin til fanga í Tyrkjaráninu. Guðríður mun hafa verið um það bil sextán árum eldri en Hallgrímur og var gift kona áður en henni var rænt. Maðurinn hennar hét Eyjólfur Sölmundarson og hafði hann sloppið við að vera tekin til fanga í Tyrkjaráninu.

Hallgrímur og Guðríður urðu ástfangin og varð Guðríður brátt barnshafandi af hans völdum. Þar með var skólanámi Hallgríms sjálfhætt og hélt hann með Guðríði til Íslands vorið 1637. Eyjólfur, maður Guðríðar, var þá dáinn en hann hafði farist í fiskiróðri rúmu ári áður. Guðríður ól barn stuttu eftir komuna til Íslands og skömmu síðar gengu þau Hallgrímur í hjónaband. Næstu árin vann Hallgrímur ýmiss konar erfiðisvinnu á Suðurnesjum og þar munu þau hjón hafa lifað við sára fátækt en ekki er vitað með vissu hvar þau bjuggu á þeim tíma. Árið 1644 var Hallgrímur vígður til prests á Hvalsnesi og var þar prestur þar til hann fékk prestsembætti í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd árið 1651. Þar bjó hann við nokkuð góð efni þrátt fyrir að bær þeirra Guðríðar brynni í eldi árið 1662. Eftir þetta fór heilsu Hallgríms hrakandi, í ljós kom að hann var haldinn holdsveiki og úr þeim sjúkdómi lést hann, sextugur að aldri, árið 1674.

Þriggja barna Hallgríms og Guðríðar er getið með nafni í heimildum. Eyjólfur var elstur, þá Guðmundur og yngst Steinunn sem dó á fjórða ári. Eftir hana orti Hallgrímur eitt hjartnæmast harmljóð á íslenska tungu en það er sálmur sem heitir Um dauðans óvissa tíma (Allt eins og blómstrið eina). Legsteinninn með nafni hennar sem Hallgrímur hjó sjálfur út hefur varðveist og er í kirkjunni í Hvalsnesi þar sem Hallgrímur þjónaði fyrst sem prestur. Guðríður dó átta árum á eftir eiginmanni sínum eða árið 1682.

### Hallgrímskirkja

Hallgrímskirkja er kennd við prestinn og skáldið Hallgrím Pétursson. Hún stendur efst á Skólavörðuholtinu með 73 m háan turn, sem gerir hana að mest áberandi mannvirki borgarinnar. Hún er hönnuð í nýgotneskum stíl og er hvorttveggja helsta kennileiti Reykjavíkur og stærsta kirkja Íslands.

Hallgrímskirkja var teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins. Fyrsta skóflustungan var tekin hinn 15. desember 1945 en kirkjan var ekki vígð fyrr en 41 ári síðar og þá var raunar mörgu enn ólokið. Á ýmsu gekk í byggingarsögunni og vakti kirkjan miklar deilur, bæði hvað varðar stærð, útlit og staðsetningu. Þar er jafnframt stærsta orgel landsins, Klaisorgelið, sem var vígt 1992.

